



Skipulagsstofnun

Borgartún 7b

105 REYKJAVÍK

Garðabær, 3.4.2025

Málsnúmer: 202503-0008

IAS/OKV

Efni: Selfosslína 1, breyting við Ljósafossstöð. Matskyldufyrirspurn.

Vísað er til erindis frá Skipulagsstofnun, dagsett 5. mars 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um matskyldufyrirspurn vegna breytinga á Selfosslínu við Ljósafossstöð.

Selfosslína 1 liggur í dag frá Ljósafossstöð að Selfossi. Sú framkvæmd sem fjallað er um hér felur í sér endurnýjun línunnar að hluta með því að tengja hana inn á Írafossstöð í stað Ljósafossstöðvar. Breytingarnar fela í sér lagningu jarðstrengs á um 2 km leið frá Írafossstöð að mastri 8 í núverandi loftlínu. Á þessum kafla verða möstrin felld, jarðstög fjarlægð og staghellur grafnar upp. Jarðstrengir verða grafnir á um 1 m dýpi þar sem breidd skurðar verður að lágmarki 0,8 m í botninn. Strengsandur verður lagður í botninn. Helgunarsvæði verður 5,5 m út frá miðlínu skurðar. Áætlað rasksvæði umhverfis strenginn miðar við um 10 m. Landsnet áætlað að ekki verði gerðir slóðar nema þá helst þar sem blautt. Hins vegar hefur landeigandi á svæðinu óskað eftir því að slóðar verði skildir eftir og verður það gert í samráði við hann.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér fyrirspurnina og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Eins og fram kemur er framkvæmdarsvæðið innan svæðisins Sogið-Þingvallavatn sem tilnefnt er á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fugla, það er einnig innan alþjóðlega mikilvægu fuglasvæðanna Suðurlandsundirlendi og Sogið-Þingvallavatn. Svæðið er alþjóðlega mikilvægt fyrir himbrima (varp og viðkomustaður á haustin) og húsönd og gulönd á vetrum. Þá er svæðið Alviðra og Sog á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar, svæði 747.

Í greinargerð COWI með fyrirspurn um matsskyldu er gerð grein fyrir vistgerðum á svæðinu út frá vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar. Náttúrufræðistofnun vill benda á að ekki er ráðlegt að nota vistgerðakortið óyfirfarið í svo nákvæmum mælikvarða sem þarf fyrir þessa framkvæmd. Kortið er að miklu leyti byggt á flokkun gervitunglamynda en í því geta falist ýmsar flokkunarskekkjur, til að mynda að votlendi flokkist sem mólendi og öfugt. Því þarf að rýna gæði kortsins fyrir viðkomandi svæði út frá tiltækum myndkortagrunnum og gögnum af vettvangi. Ekki eru til gróðurkort frá þessu svæði nema þá rétt við Írafossstöð (Náttúrufræðistofnun Íslands 2023).

Við skoðun á myndkortum má telja líklegt að strengleiðin fari um meira votlendi en vistgerðakortið sýnir. Þetta eru einkum hallamýrar sunnan Sólbakka 9 og Lyngbakka 6. Mögulega er hér um starungsmýravist eða runnamýravist að ræða sem báðar hafa mjög hátt verndargildi (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016) og eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar (European Environment Agency). Fleiri mýrabletti er líklega að finna á strengleiðinni en þeir eru mun minni.



Líklegt er að runna- og trjágróður sé í sókn á framkvæmdasvæðinu og sömuleiðis framandi tegundir eins og alaskalúpína. Örfáar skráningar æðplantna eru frá þessu svæði í gagnagrunnum Náttúrufræðistofnunar og þá aðeins á framandi tegundum. Flóra þess hefur því lítt verið könnuð.

Við framkvæmdina þarf að gæta þess að framandi tegundir eins og lúpína dreifist ekki um svæðið með vinnuvélum eða tilfærslum á gróðurtorfum.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er ekki þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum, jákvætt er að loftlínan verði tekin niður á þessum kafla en að mati stofnunarinnar væri betra ef hægt væri að leggja strenginn fjær Soginu, t.d. mætti athuga með að leggja hann meðfram Þingvallavegi. Ef það er ekki hægt ætti ekki helst ekki að leggja neina nýja slóða og ganga þannig frá að vegsummerki strenglagnarinnar hverfi að mestu eða öllu leyti að framkvæmdum loknum. Þá er æskilegt að allar framkvæmdir fari fram utan varptíma til að lágmarka truflun á fuglalífi.

Heimildir:

Náttúrufræðistofnun Íslands 2023. Gróðurkort af Íslandi. Mælikvarði 1:25.000. NI_G25v. <https://www.ni.is/is/midlun/utgafa/kort/grodurkort>

Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir 2016. Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands. http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf

European Environment Agency. Revised Annex I of Resolution 4 (1996) of the Bern Convention on endangered natural habitats types using the EUNIS habitat classification (year of revision 2014). <https://eunis.eea.europa.eu/references/2467>

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur